

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 20. ágúst var haldinn 121. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Laugavegi 77, og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Kristján Freyr Halldórsson og Örn Þórðarson. Hrefna Guðmundsdóttir boðaði forföll. Jóhanna Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Þá sat fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, sem ritaði fundargerð. Gestur undir lið 4. var Halldór Nikulás Lárusson frá skrifstofu þjónustu og reksturs.

Þetta gerðist

1. Kynntar inn breytingar á liðsmönnum hverfisráðs Hlíðar.
2. Breytingar á deiliskipulagi reits 1.244.2 Egilsborgarreits, vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Háteigsvegi. Lagt fram til kynninga. Ráðið óskar eftir sjá umsögn Minjastofnunar Ísland um breytingarnar.
3. Breyting á deiliskipulagi Bólstaðarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 70 við Skipholt. Ráðið óskar eftir að breytingarnar fari í grenndarkynningu fyrir íbúum í nágrenni lóðarinnar. Sérstaklega fyrir íbúum Skipholts, Bólstaðahlíðar, Vatnsholts og Hjálmhólts.
4. Skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar – til umsagnar Skýrslan kynnt.
5. Íbúafundur um hljóðvist og loftgæði. Óskað er eftir að fá kynningu á aðgerðaáætlun frá USK og Heilbrigðiseftirlitinu varðandi hljóðvist og loftgæði í hverfinu á opnum íbúafund í september.
6. Tillaga stjórnkerfis og lýðræðisráðs um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu Farið var yfir tillögunu.
7. Styrkir frá hverfisráði. Formanni falið að móta stefnu um styrkveitingar.

Næsti fundur 17 . september.

Fundi slitið kl. 19:15

Hilmar Sigurðsson
Kristján Freyr Halldórsson

Margrét Norðdahl

Örn Þórðarson